

3431. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 24. september 2020 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rákel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og Sædis Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2004011 - Covid19 - rekstur íþróttafélaga

Sameiginlegur fundur bæjarráðs og skóla- og frístundaráðs er haldinn undir dagskrárlíð 1 og 2 frá kl. 08:15-09:15.

Áhrif Covid-19 á íþróttafélög.

Lagt fram yfirlit/samantekt frá íþróttafélagunum og bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

2. 1908011 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur

Sameiginlegur fundur bæjarráðs og skóla- og frístundaráðs er haldinn undir dagskrárlíð 1 og 2 frá kl. 08:15-09:15.

Tillaga að erindisbréfi starfshóps um framtíðarfyrirkomulag styrkveitinga Akraneskaupstaðar til íþróttafélaga.

Bæjarráð samþykkir erindisbréf starfshóps um framtíðarfyrirkomulag styrkveitinga Akraneskaupstaðar til aðildarfélaga ÍA.

3. 1902095 - Starfshópur um framtíðarskipulag mötuneytismála

Staða í vinnu starfshóps um mötuneytismál.

Fulltrúar starfshóps um mötuneytismál koma inn á fund í gegnum fjarfundabúnað kl. 09:30.

Bæjarráð samþykkir að lokaskil starfshópsins verði í lok nóvember næstkomandi og að hópurinn leiti tilboða vegna sérfræðiaðstoðar við frekari rýni.

4. 2008210 - Áhrif FL kjarasamninga á starfsemi leikskóla

Skóla- og frístundaráð óskar eftir gerð viðauka að fjárhæð kr. 6.074.000 vegna launakostnaðar vegna aukins undirbúningstíma í nýjum kjarasamning Félags leikskólalækennara. Einnig er óskað eftir að tekið verði tillit til breytinganna við fjárhagsáætlunargerð 2021.

Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs kemur inn á fundinn í gegnum fjarfundabúnað kl. 10:00.

Bæjarráð samþykkir aukafjárveitingu til leikskóla Akraneskaupstaðar vegna

aukins undirbúningstíma leikskólakennara samkvæmt nýjum kjarasamningi Félags leikskólakennara sem kemur til framkvæmdar þann 1. október nk.

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 26. vegna þessa að heildarfjárhæð kr. 6.074.000 sem deilist niður á leikskólana fjóra samkvæmt meðfylgjandi fylgiskjali. Ráðstöfuninni er mætt með lækkun rekstrarafgangs sem nemur umræddri fjárhæð.

Bæjarráð vísar viðaukanum til endanlegrar málsmeðferðar bæjarstjórnar Akraness.

Bæjarráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að undirbúa þjónustukönnun er lýtur að gæðum skólastarfs þannig að unnt verði að gera samanburð og mælingu á áhrifum af aukningu undirbúningstíma.

5. **2009162 - Fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2022-2024**

Grunnforsendur fjárhagsáætlunar vegna fjárhagsáætlunargerðar 2021 og þriggja ára áætlun vegna árána 2022-2024. Verk- og tímaáætlun vegna fjárhagsáætlunarvinnunar haustið 2020.

Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri kemur inn á fundinn í gegnum fjarfundabúnað kl. 10:30.

Bæjarráð samþykkir grunnforsendur fjárhagsáætlunargerðar 2021 og þriggja ára áætlunar vegna árána 2022 til og með 2024 og verk- og tímaáætlun vegna vinnunnar.

Þorgeir Hafsteinn Jónsson vísar af fundi.

6. **2003227 - Launaviðaukar - fjárhagsáætlun 2020**

Launaviðauki við fjárhagsáætlun 2020.

Kristjana Helga Ólafsdóttir kemur inn á fundinn í gegnum fjarfundabúnað kl. 11:00.

ELA vísar af fundi við afgreiðslu málsins.

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 25 við fjárhagsáætlun ársins 2020 og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar. Viðaukinn felur í sér ráðstöfun að fjárhæð kr. 77.023.000 vegna samþykktar nýrra kjarasamninga á árinu. Viðaukinn bókast á viðeigandi deildir samkvæmt meðfylgjandi skjali.

Viðbótarkostnaði er mætt af óvissum útgjöldum að fjárhæð kr. 29.197.000 og með lækkun á áætluðum rekstrarafgangi að fjárhæð kr. 47.826.000.

ELA tekur sæti á fundinum að nýju.

7. **1910179 - Fjöliðjan - uppbygging á Dalbraut 10**

Starfshópur um framtíðarhúsnæði Fjöliðjunnar kynnir í samræmi við bókun bæjarráðs frá 20. júlí sl. mismunandi sviðsmýndir og kostnaðaráætlun vegna uppbyggingar á húsnæði Fjöliðjunnar.

Starfshópurinn kemur inná fundinn í gegnum fjarfundabúnað kl. 11:30.

Lagt fram.

Bæjarráð þakkar starfshópnum fyrir veittar upplýsingar og þeirra störf.

8. 2009164 - Stytting vinnuvikunnar hjá Akraneskaupstað

Tillaga um stofnun stýrihóps vegna innleiðingar á styttingu vinnuvikunnar hjá Akraneskaupstað.

Bæjarráð samþykkir tillögu um stofnun stýrihóps og erindisbréf hópsins.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

9. 2006228 - Jaðarsbakkar 1 - hönnun

Tillaga að erindisbréf fyrir stýrihóp um hönnun að Jaðarsbökkum.

Bæjarráð samþykkir erindisbréf stýrihóps um hönnun að Jaðarsbökkum.

10. 2009073 - Kirkjuhvoll - leigusamningur

Erindi frá Stay West varðandi rekstur Kirkjuhvols.

VLJ og ELA samþykkja að fresta leigugreiðslum út árið og að væntanlegt uppgjör taki mið af tekjum rekstraraðilans á tímabilinu. VLJ og ELA fela bæjarstjóra að útfæra samkomulag við rekstraraðilann sem taki til þessa.

RÓ er á móti afgreiðslu málsins.

11. 2009167 - Breytingar á samþykktum Brú lífeyrissjóðs

Á fundi stjórnar Brúar lífeyrissjóðs þann 21. september voru lagðar fram tillögur að breytingum á réttindaákvæðum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar. Stjórn sjóðsins óskaði eftir því að málið yrði lagt til samþykktar fyrir bæjarstjórn Akraneskaupstaðar í samræmi við ákvæði 37. gr. samþykktar sjóðsins. Málið er fyrst um sinn vísað til umfjöllunar í bæjarráði Akraness.

Bæjarráð samþykkir breytinguna og vísar málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar afgreiðslu.

12. 2006258 - Björgunarfélag Akraness - starfsemi, útköll og hjálparliðar

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins. Endurnýjun samningsins verður tekin upp og afgreidd í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2021.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi drög og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins. Málinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2021.

13. 2009148 - Áskorun vegna fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði

Áskorun stjórn félags atvinnurekenda vegna fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði.

Lagt fram.

14. 2002378 - SSV - fréttabréf og tilkynningar

Haustþing SSV verður haldið 16. október næstkomandi.

Lagt fram.

15. 1903222 - Samningur um félagsþjónustu og barnavernd milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar

Áframhaldandi samstarfssamningur við Hvalfjarðarsveit um verkefni á sviði barnaverndar og félagsþjónustu.

Afstaða Hvalfjarðarsveitar liggur fyrir, þar sem frekari samvinnu var hafnað og undirbúningur að yfirfærslu verkefna hafinn.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur hafnað tilboði Akraneskaupstaðar um verkefni á sviði barnaverndar og félagsþjónustu.

Samhliða tilboði Akraneskaupstaðar um áframhaldandi samstarf á sviði barnaverndar og félagsþjónustu bauð Akraneskaupstaðar tiltekna úfærslur á öðrum samstarfssamningum en því erindi var ekki svarað.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:40.